

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um vöruhappdrætti Sambands íslenskra
berklasjúklinga, nr. 372 25. október 1976.**

1. gr.

1. másl. 7. gr. orðist svo: Verð ársmiða er kr. 7.200,00, en endurnýjunarverð í hverjum flokki kr. 600,00.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 18 22. apríl 1959, sbr. lög nr. 52 25. maí 1976, öðlast gildi 1. janúar 1994.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 375 6. ágúst 1991.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. október 1993.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

AUGLÝSING

**um staðfestingu á legu vegar/brúar yfir Hraunsfjörð
í Eyrarsveit og Helgafellssveit.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/1964 hefur ráðherra þann 18. október 1993 staðfest legu vegar og brúar yfir Hraunsfjörð í Eyrarsveit og Helgafellssveit, svonefnds Snæfellsnesvegar um Seljadal.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19 21. maí 1964 mæla fyrir um og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisstofnun, 18. október 1993.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um umferð í Mosfellsbæ.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar hafa verið sett upp biðskyldumerki á eftirtöldum stöðum:

1. á Bjargsvog gagnvart Reykjavegi,
2. á Skarhólabraut gagnvart Hafravatnsvegi,